



# **Leikskólinn Sólborg á grænni grein Haustið 2012**

Skýrsla Leikskólans Sólborgar í Reykjavík  
vegna umsóknar um Grænfána haustið 2012

## Skýrsla vegna umsóknar um Grænfánann í annað sinn.

Leikskólinn Sólborg flaggaði fyrsta Grænfánanum sínum 1. desember 2010 en haustið 2009 sóttum við formlega um að vera Grænfána leikskóli. Það var stórt skref að fá fánann og um leið vissum við að það yrði gott og skemmtilegt verk að halda í fánann og fá tækifæri til að flagga honum aftur eftir tvö ár. Leikskólinn Sólborg hefur frá upphafi þ.e. 1994 haft það að leiðarljósi að flokka sorp og skila á endurvinnslustöðvar. Við höfum markvissa flokkun á öllum stofum leikskólans, kaffistofu og eldhúsi hausið 2009 um leið og við sóttum um í þessu verkefni. Markvissara starf skilar okkur umhverfisvænni skóla og betri þegnum inn í samfélagið.



Börn að leik á sumrhátíðinni

## Umhverfisnefndin

Umhverfisnefndin veturinn 2010 – 2012.

Það eru alltaf einhverjar mannabreytingar í slíkum nefndum og haustið 2011 skiptum við út starfsfólki ásamt því að leikskólinn stækkaði og ný stofa var tekin í notkun í október 2011 og því fjölgar í nefndinni. Fulltrúi eldhúss hefur alla tíð verið skráð í umhverfisnefndina og unnið með okkur markvisst. Nú er hún hætt störfum hér og þegar við höfum ráðið nýjan matráð mun hann taka sæti í nefndinni. Nýtt foreldri tók svo sæti í nefndinni á vorönninni 2012 og þökkum við þeim sem verið hafa í nefndinni góð störf.

Nefndina skipa eftirfarandi aðilar.

Lilja Þorsteinsdóttir, Furustofu

Anna Margrét Hermannsdóttir, Lerkistofu

Særún Ósk Böðvarsdóttir, Víðistofu

Louis A. Harris, Reynistofu

Sjöfn Sigsteinsdóttir, Birkistofu

Ragnheiður Þóra Kolbeins, fulltrúi stjórnenda teymisstjóri

Sólrun Dröfn Björnsdóttir, Fulltrúi foreldra

Það hefur verið starfandi nefnd barna við skólann og fundað tvisvar sinnum á hvorri önn. Í því verkefni viljum við taka okkur á og breyta starfsaðferðinni. Við þurfum að halda reglulegri fundi auk þess sem nauðsynlegt er að virkja fleiri börn og hafa fundina með öllum börnunum í elsta árganginum.

## Mat á stöðu umhverfismála frá síðustu skýrslu

Allt það sem við skráðum í skýrsluna okkar frá 2010 hefur haldist inni. Hér á eftir eru þau atriði sem við stefndum að og fyrir aftan er mat á því hvernig til tókst, skáletrað.

### Hvert stefndum við þegar síðustu skýrslu var skilað - tekið úr skýrslunni 2010

Við höfum á síðast liðnum tveim árum tekið okkur markvisst á í flokkun og losun sorps.  
(*Gengur mjög vel og er markvisst*).

Við höfum moltugerð í febrúar á þessu ári 2010 og stefnum að þeirri vinnu áfram.

(*Við höfum verið mjög markviss í þessari vinnu og nú hefur þriðja tunnann bæst í hópinn. Búið er að færa tunnurnar frá inngangi í leikskólann þar sem þær þóttu gefa vonda lykt í umhverfið auk flugna yfir heitasta tíma sumarsins. Markvisst hafa allar stofur skólans tekið þátt í því verkefni og börnin mjög áhugasöm um fræðsluþáttinn þ.e. um eigin motlu/moldar gerð. Hvernig lífræni úrgangurinn þ.e. grænmetishýði og kaffikorgur breytist í mold. Þau hafa tekið þátt í því að losa úr tunnunum frá stofunum ásamt því að hræra í moltutunnunum. Einnig hafa þau fundið lyktina sem myndast ef heitt er í veðri og hvað við gerum til að bæta úr því. Við höfum verið í góðu samstarfi við aðstoðarleikskólastjóra Klambra Þóru Þorvaldsdóttur sem hefur hvatt okkur heils hugar í þessu verkefni og komið til okkar með ráðgjöf og til að styðja okkur*).



Skemmtileg vinna í moltunni

Við getum dregið úr uppvotti kaffibolla með því að hver starfmaður hafi sinn en það var lengi vel þannig.

(*Gengur mjög vel og allir taka þátt í því*).

Með reglulegri skráningu á orkunotkun getum við fylgst betur með notkun, með það að markmiði, að minnka vatns og rafmagnsnotkun.

(*Þetta verkefni fór aldrei nógu vel af stað. Munum hafa það inni í nýrri áætlun*).

Meiri ræktun á leikskólalóðinni.

*(Á lóðinni er einn matjurtargarður. Þar höfum við fengið nýjar kryddplöntur en ekki annað. Ákveðið var að hvíla garðinn þar sem lítil næring var í honum og kom það í ljós við síðustu karföfluuppskeru. Við settum niður þó nokkuð af blómalaikum og það er gaman að fylgjast með þeim koma upp á vorin og sjá gleði banranna fylgjast með því. Mikil og góð ný mold/molta hefur bæst í hann og við ákváðum að hvíla hann í sumar og fá betri og næringaríkari mold eftir þetta árið).*

Að bjóða uppá kynningu á því sem við erum að gera til annarra leikskóla í hverfinu.  
( Við höfum ekki boðið nágrannaskólum okkar í kynningu en höfum kynnt umhverfisstefnuna okkar fyrir öðrum gestum s.s. innlendum og erlendum).

Tengja það sem við nú þegar gerum við umhverfisstefnu í kynningu til foreldra.  
(Gekk vel í haust, allar stofu kynntu á foreldrakynningu hvað við erum að gera í umhverfismenntinni. Ekki er lengur um að ræða stóra fundi með öllum foreldrum heldur stofukynnigar, hver fyrir sig).

Auka þátttöku foreldra í umhverfisstefnunni okkar, til dæmis með því að fá endurnýtanlegt leikefni frá heimilunum og að foreldrar skaffi fjölnota poka undir blaut föt barna sinna og fleira.

*(Þessi þáttur gekk mjög vel, við höfum fengið leikföng, plastpoka sem við höfum getað endurnýtt og svo eru öll börn nú með sér poka fyrir sitt blautu og óhreina tau, ein amman tók sig til og saumaði poka fyrir öll börn stofunnar og var það frábært framtak).*



Stjórar taka til hendinni 24. apríl

Við viljum taka þátt í umhverfisdeginum 24. apríl með því að taka allt rusl í nágrenni við skólann. Koma því á einn stað og jafnvel mynda hrúguna.

*(Gekk mjög vel og við höfum árlega tekið þátt í þessum degi. Auk þess skráðum okkur í Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar og erum nú að skrá inní þann gátlista. Skilum honum í haust þegar starfsemin er aftur komin í gang).*

Virkja börnin til þátttöku í umhverfisteyminu. Ein hugmyndin er að gera eins og leikskólinn Norðurberg, hafa tvö umhverfisteymi annað með fulltrúa foreldra og hitt með fulltrúum barna.

*(Það hefur verið starfandi umhverfisteymi barna og í því voru sex börn ásamt kennurum. Það fundaði einu sinni á önn og þau sem í nefndinni sátu voru mjög ánægð með það. Hins vegar skilaði sú vinna sér ekki alveg nógu vel inní allan barnahópinn. Þennan þátt verðum við að gera betur. Hugmynd hefur komið fram um að hafa öll elstu börnin í teyminu og funda með þeim einu sinni í mánuði. Munum setja það sem markmið í áframhaldandi vinnu).*

Við ætlum að útbúa nákvæman lista, jafnvel myndrænan, yfir það sem á að fara í moltutunnuna. Það auðveldar börnunum, deildarstarfsfólki og einnig nýju fólki að flokka. *(Gert var plaggat sem er sýnilegt öllum og er staðsett í forstofunni. Hver stofa setti myndir á sínar litlu söfnunartunnur. Má gera betur ef starfsfólki finnst þess þurfa).*

Mikill áhugi starfsmanna er á að kynnast þemanu Líffræðileg fjölbreytni og munum við líka hafa það í huga.

*(Þessi þáttur var ekki unninn).*

Auka kynningu til foreldra og annarra á því sem við erum að gera.

*(Kynningin á stofukynningum ásamt einstaka tölvupóstum, erlendir og innlendir gestir fengu einnig kynningar).*

Meiri fræðsla til barna og starfsfólks um af hverju við erum með umhverfisvænar áherslur t.d. af hverju moltugerð.

*(Hefur verið gert og á alltaf að vera í starfsáætlunum hversrar stofu).*

Að símenntunaráætlun starfsfólks taki mið af áherslum náttúru- og umhverfisverndar.

*(Hefur verið gert og á alltaf að vera í símenntunaráætlun starfsmanna).*

## Áætlun um aðgerðir og markmið

Markmiðið er að halda áfram með endurnýtingu, flokkun sorps, moltugerð, orkunotkunina og það sem við viljum bættum við er að tileinka okkur betri umgengni og umhyggju fyrir náttúrinni í okkar nærumhverfi. Í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er einn af grunnþáttum menntunar, sjálfbærni og munum við kynna okkur það hugtak, hvað það felur í sér og hvernig við getum sett það inni okkar eigin námskrá.

Nú stefnum við að því að vinna að bættri umgengni og betri umhyggju fyrir umhverfinu okkar og þeirri náttúru sem í umlykur okkur. Leikskólinn hefur fengið stærra lóð til umræða auk fjölgunar barna. Gróðurinn á lóðinni er stórkostlegur mikið af fallegum gömlum trjám sem ungviðinu finnst gaman að klifra í og sumum hefur þótt gaman að kroppa í trjábörkinn. Þetta þurfum við að laga og kenna börnunum þ.e. góða umgengi um trjágróðurinn.



Á sumarhátíðinni var flokkað og flokkað

## **Eftirlit og endurmat**

Helstu punktar úr fundargerðum.

### **Það sem vel hefur verið gert:**

Innkaup á plastpokum hefur minnkað til muna og nú eru keyptir plastpokar úr umhverfisvænna plasti og starfsfólk mjög samviskusamt að setja í endurnýtanlega poka þ.e. poka sem foreldrar hafa komið með að heiman. Nú einnig erum við með endurnýtanlega plastpoka sem starfsfólk kemur með heiman frá sér undan brauði og ávöxtum og þá poka notum við undir bleyjur.

Prentun úr tölvunum hefur snarlega minnkað. Foreldrar fá nú send foreldraviðtölin heim í tölvupósti þar sem áður var notast við útprentun. Myndir af börnunum eru allar á heimasíðu skólans og einungis er prentað út á afmælisdögum barnsins og myndir í samskiptabækur barna með sérþarfir.

Eldhúsið hefur staðið sig mjög vel í allri flokkun og er útgeymslan okkar oft hlaðin efnivið sem hægt er að nota í myndsköpun eða efnivið sem þarf að keyra á Sorpu. Einnig hefur matráður tekið virkan þátt í Moltugerðinni. Hún er dugleg að minna stofurnar á að sækja moltuna því það er jú okkar hlutverk að hafa börnin með og sýna þeim ferlið. Hver stofa á sinn dag þar sem það sem tilfellur frá eldhúsi er tekið. Síðla vors hætti matráður störfum og við kaupum mat utan úr bæ. Um leið minnkaði það sem til fellur úr eldhúsi og um leið mun það sem í moltutunnurnar fer minnka.

Moltugerðin hefur gengið mjög vel og erum við nú með þrjár tunnur sem allar eru nýttar. Það hefur tekið um níu mánuði að láta moltutunnuna brjóta niður hýði og annað. Við höfum síðan nýtt gróður reitinn í garðinum til þess að láta moltuna slá sig betur.

Við skólann eru sorptunnur sem við flokkum í almennt sorp, endurvinnanlegt s.s.pappír og plast og bylgjupappa. Losun almenna sorpsins hefur minnka úr vikulegri losun í tveggja vikna losun og er það sökum þess hve vel hefur gengið að flokka. Það er auk þess sparnaður í því fyrir skólann.

Kaffistofan. Þar höfum við verið duglega að nota sama kaffibollan yfir daginn og hefur það haft ákveðna vinnuhagræðingu í för með sér fyrir eldhússtarfsfólkið.

Leikskólastjóri kaupir nú eingöngu endurhlaðanlegar rafhlöður. Hver stofa á að eiga nokkrar til þess að nota í myndavélar, klukkur, leikföng, ljós fyrir jólin og vasaljós. .

Áhugi er á því að gera könnun meðal starfsmanna um flokkun og alla almenna umhverfismennt. Markmiðið með þeirri könnun væri að fá að vita hversu mikil vakning starfsmanna skili sér heim til þeirra. Hvort starfsfólk hafi eitthvað breytt sínum venjum heima fyrir. Sú könnun er áætluð í lok ágúst þegar allir eru komnir til starfa eftir sumarleyfi.

### **Það sem má gera betur:**

Að muna að slökkva í leikstofum og öllum rýmum þegar þau eru yfirgefin. Það er gott að útskýra þetta vel fyrir börnunum og hafa svokallaða „slökkvistjóra“ á stofunum það hefur jákvæð áhrif.

Fundir með börnunum hafa verið skemmtilegir en mættu vera reglulegri. Einnig að gera þau meðvitaðari um umhverfi sitt. Gott að hafa það að markmiði í næstu skýrslu.

Á kaffistofunni hefur gengið vel að flokka rusl og hefur starfsfólk óskað eftir því að fá fleiri flokkunarkassa þ.e. að möguleiki fyrir ál verði bætt við. Það hefur einnig verið rætt að þar sem ekki er rennandi vatn á kaffistofunni sé erfitt að skola skyrdósir og slíkt og því líklegra að starfsfólk hendi þeim í almenna ruslið.

Rafhlöður endurhlaðanlegar. Aðeins hefur borið á því að þeim hefur óvart verið hent eftir notkun og þar þurfum við að bæta okkur en sem betur fer flokkum við rafhlöður sem tilfalla og því hægt að kippa þeim uppúr þeim kassa. Það falla til margar rafhlöður úr heyrnartækjum barnanna og þeim er safnað saman.

Vera virkari í því að setja inn fréttir á heimasíðuna undir almennar fréttir. Þar geta svo vel verið fleiri fréttir heldur en bara þegar moltutunnan er losuð. Á myndasíðu stofanna er að finna myndir af því þegar börnin ganga að grendargámnum, tóku virkan þátt í tiltekt í kringum skólann á degi umhverfisins og fleiri góðar.

## **Fræðsla og kynning á stefnunni**

Starfsfólk fór í kynnisferðir vorið 2011 á leikskólann Andabæ á Hvanneyri. Þangað sóttum við mikinn fróðleik og gátum nýtt okkur í okkar starfi.

Vorferð starfsfólks til Malmö í Svíþjóð. Allur starfsmannahópurinn fékk þar tækfæri til að kynna sér helstu áherslur varðandi útikennslu og umhverfismennt í átta skólum.

Kynning á stefnu skólans kemur fram á heimasíðu leikskólans ásamt því sem hún er kynnt fyrir nýjum foreldrum ár hvert.

Starfsfólk hefur sótt fyrirlestra og námskeið hjá Náttúrskóla Reykjavíkur. Teymisstjóri fór á örnámskeið/fyrirlestur Menntakviku haustið 2011 þar sem Auður Pálsdóttir aðjúnkt við Menntavísindasvið fjallaði um: Hvers konar menntun í skólum stuðlar að sjálfbæru samfélagi? Það var gott erindi sem kveiti áhuga og vakti enn frekar til umhugsunar mikilvægi þess að allir séu meðvitaðir um hugtakið sjálfbærni og hvernig hægt væri að koma því inn í menntun barnanna á þessu yngsta skólastiginu. Sjálfbærnimenntun á að stuðla að eru

Við fáum árlega margar heimsóknir í skólann og eru þær oftast vegna áhuga fólks á námi án aðgreiningar. Þetta árið höfum við hins vegar verið að fá heimsóknir vegna umhverfismenntarinnar og er það jákvæð þróun. Við gátum endurgoldið starfsfólki á Andabæ heimsóknina okkar. Auk þess fengum við í heimsókn Norska kennaranema sem vildu skoða

útikennslu og umhverfismennt. Skólastjórnendur frá Prague / Prag komu einnig til okkar á árinu.

Gaman væri að fá fræðslu um trjágróðurinn hvernig við verndum hann og njótum hans og förum vel með hann. Ef til vill einhver grænfánaskólinn sem komin er lengra en við með fræðslu til barnanna eða Náttúruskólinn.

## **Helstu verkefni í næstu áætlun 2012 – 2014.**

Samgöngur. Mikil aukning og vakning hefur verið í foreldra og starfsmannahópnum hvað þennan þátt varðar. Yfir bjartasta tíma ársins má sjá fjölda hjóla, fullorðinna og barna, við skólann auk þess sem börnin í nærumhverfinu koma oftast fótgangandi í skólann sinn.

Ný aðalnámskrá leikskóla tók gildi á vorönn 2012 og þar er sjálfbærni einn af grunnþáttum menntunar. Eins og segir í námskránni á bls. 17 þá mun menntun til sjálfbærni miða að því að gera fólki kleift að takast á við viðgangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Þetta er hugtak sem við í leikskólanum erum að átta okkur á og munum tileinka okkur og öðlast betri/meiri skilning á.

Með reglulegri skráningu á orkunotkun getum við fylgst betur með notkun, með það að markmiði, að minnka vatns og rafmagnsnotkun.

Virkja börnin til þátttöku í umhverfisteyminu. Ein hugmyndin er að gera eins og leikskólinn Norðurberg, hafa tvö umhverfisteymi annað með fulltrúa foreldra og hitt með fulltrúum barna. Mikill áhugi starfsmanna er á að kynnast þemanu Líffræðileg fjölbreytni það var á dagskrá í síðustu skýrslu en við náðum ekki að vinna það.

Áframhaldandi vinna í því sem við erum búin að tileinka okkur og er orðinn fastur liður í starfsemi skólans.

## **Umhverfissáttmálinn**

Umhverfissáttmálinn var saminn og kynntur og samþykktur af öllu starfsfólki skólans vorið 2010. Hann hefur síðan verið kynntur öllum foreldrum og er inni á heimasíðu leikskólans ásamt því að hann er í ramma í alrími.

*Leikskólinn Sólborg starfar í umhverfismálum samkvæmt gildum umhverfisverndar. Markmið okkar er að börn og fullorðnir tileinki sér umhverfisvæna siði og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Við leikskólann er starfandi umhverfisnefnd sem í sitja fulltrúar stjórnenda, foreldra, starfsmanna og elstu barna. Leikskólinn Sólborg tekur mið af umhverfisvernd varðandi flokkun sorps, endurvinnslu, notkun efna, orku og vatns. Við nýtum umhverfið okkar til fræðslu og ræktum kartöflur og krydd innan leikskólalóðar.*



## Lokaorð

Það er okkur mikill metnaður og líka ánægja að standa okkur vel í umhverfismálum. Frá því við flögguðum fyrsta Grænfánanum 1. Desember 2010 hafa orðið breytingar á leikskólanum. Lóð skólans var stækkuð, ný kennslustofa tók til starfa, bætt var starfsaðstaða kennara, fjölgun barna og starfsfólks. Þegar endurmat á slíkri vinnu, sem umhverfismennt er, fer fram er stundum eins og manni finnist óþarfi að skrá það því þættirnir eru orðnir okkur svo tamir og jafnvel eins og um mikla endurtekningu sé að ræða. Má þar nefna flokkun og skilun. Hins vegar skulum við ekki gleyma að við erum með nýjan og nýjan barnahóp og hjá okkur hefur hann yngst mikið. Það verður því skemmtilegt að vinna þessa vinnu með þeim næstu árin. Starfsmannahópurinn hefur sýnt þessu verkefni aukinn áhuga og umræður hafa heyrst í hópnum um að aukin umhverfismennt almennt skili sér heim til þeirra.

Júlí 2012

Fyrir hönd umhverfisteypis Sólborgar  
Jónína Konráðsdóttir leikskólastjóri, ábyrgðamaður skýrslu  
Ragnheiður Þóra Kolbeins, aðstoðarleikskólastjóri, ritstjóri